

# MINNISBLAÐ

Til: Rekstraraðila á ferðamannastöðum í óbyggðum  
Frá: Umhverfisstofnun  
Dagsetning: 19.07.2019  
Efni: Minnisblað um kröfur til meðhöndlunar og/eða förgunar seyru á ferðamannastöðum í óbyggðum

## 1. Markmið

Markmiðið með minnisblaðinu er að gera grein fyrir hvaða reglur gilda varðandi meðhöndlun og förgun seyru á ferðamannastöðum í óbyggðum þar sem ekki er til staðar fráveitukerfi, til að tryggja samræmda og löglega meðferð á landinu öllu. Þannig gefur Umhverfisstofnun skýr skilaboð til rekstraraðila um hvað er heimilt samkvæmt núverandi reglum. Fyrst verður farið yfir leiðbeiningar til rekstraraðila og síðan verður farið yfir nánari útskýringar á þeim lögum og reglugerðum sem leiðbeiningarnar byggja á.

## 2. Leiðbeiningar til rekstraraðila

Framangreindar eru þær kröfur sem gilda fyrir rekstraraðila sem reka salernisaðstöðu í óbyggðum. Leiðbeiningarnar eru byggðar á lögum og reglum sem gilda um fráveitu og seyru, meðhöndlun og förgun.

Allir ferðamannastaðir í óbyggðum sem ekki eru tengdir við fráveitu verða að veita fráveituvatni sem frá þeim kemur um rotþró og siturlögn eða siturbeð. Þar sem slíkt er ekki hægt er heimilt að nota þurrsalerni. Umhverfisstofnun hefur lagt til að heilbrigðisnefnd geti veitt samþykki fyrir notkun kamra í óbyggðum þar sem rask getur hlotist af uppsetningu þurr- eða vatnssalerna eða notkun þeirra er mjög lítil eða færri en 2-300 manns sem nýta kamarinn á sumri. Nýta skal seyru ef hægt er, kröfur um hreinsun og nýtingu fer samkvæmt reglugerð um meðhöndlun seyru. Í öllum tilvikum ætti að koma upp merkingum og aðstöðu til að koma í veg fyrir að rusl og aðrir aðskotahlutir fari ofan í salernin.

Umhverfisstofnun setur fram þrjá kosti sem rekstraraðilar geta fylgt til að uppfylla lög og reglugerðir sem eiga við málaflokkinn. Seyru sem fellur til á ferðamannastöðum í óbyggðum skal því (1) flytja af staðnum á þar til gerða móttökustöð sem tekur við slíkum úrgangi, (2) meðhöndla á staðnum og nýta seyru sem áburð þar sem það er heimilt, eða (3) farga á staðnum með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun fyrir urðunarstaði.

**Nánari útlitun á kostunum þremur er eftirfarandi:**

### 1. Flutningur af staðnum

- Seyru sem ekki er hægt að meðhöndla og nota á staðnum þarf að flytja á **móttökustöð** fyrir úrgang.
- Flutningur seyru er **starfsleyfisskyldur** hjá heilbrigðisnefnd.

## 2. Meðhöndlun og notkun

- Meðhöndlun seyru er **starfsleyfis skyld** hjá heilbrigðisnefnd.
- Meðhöndlun seyru er síun, hreinsun, tæming hreinsivirkja, flutningur og notkun seyru.
- Aldrei má nota seyru sem ekki hefur undirgengist síun. Með síun er átt við að fjarlægja rusl og aðskotahluti (ristarúrgang) úr skólpi og seyru. Ristarúrgang skal flytja á **móttökustöð** fyrir úrgang.
- Ef um er að ræða meðhöndlun og/eða notkun innan friðlýstra svæða þá skal leita **leyfis** Umhverfisstofnunar.

## 3. Förgun seyru

**Starfsleyfi** Umhverfisstofnunar þarf til að starfrækja urðunarstað. Grundvöllur starfsleyfis er að heimild sé fyrir þeirri landnotkun í skipulagsáætlun viðkomandi sveitarfélags. Urðunarstaður er staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar og hann geymdur til lengri tíma.

Umhverfisstofnun bendir á að kostir (2) og (3) krefjast leyfisveitinga stjórnvalda með tilheyrandi kröfum. Í þeim tilfellum þar sem aðstæður leyfa getur kostur (2), að meðhöndla seyru á því svæði sem hún fellur til á, verið álitlegur hvað varðar sjálfbærni þeirra svæða sem um ræðir. Stofnunin áréttar hins vegar að kostur (3) krefst þess að uppfylltar séu strangar kröfur þar sem um er að ræða starfsleyfis skylda starfsemi en erfitt eða útilokað getur reynst að uppfylla þau skilyrði í óbyggðum auk þess sem skipulagslöggjöf gerir ráð fyrir að urðunarstaðir séu skipulagðir á iðnaðarsvæðum. Stofnunin telur einnig ólíklegt að heimilað verði að nýta kost (3) á friðlýstum svæðum þar sem ólíklegt er að rekstur urðunarstaða samræmist friðlýsingarskilmálum og verndarmarkmiðum svæðanna.

## 3. Lagaumhverfi

Þau lög og reglur sem líta þarf til þegar um er að ræða fráveitumál og seyru í óbyggðum eru eftirfarandi: Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, Reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 4. Fráveita og meðhöndlun á skólpi

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp skal vera fráveita á þyrpingu ferðaþjónustumiðstöðva. Þar sem ekki er hægt að veita fráveituvatni einstakra húsa, m.a. fjallaskála, í almenna fráveitu skal fráveituvatni veitt um rotþró og siturlögn. Fara skal eftir leiðbeiningum um stærð, gerð og frágang rotþróa og siturlagna sem Umhverfisstofnun hefur gefið út. Þar sem fráveitum verður ekki við komið eða landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn er ekki álitlegur kostur er samkvæmt fyrrnefndri grein heimilt að nota þurrsalerni.

Umhverfisstofnun hefur lagt til í umsögn sinni til umhverfis- og auðlindaráðuneytis að reglugerð um fráveitur og skólp verði breytt á þann veg að heilbrigðisnefnd geti veitt samþykki fyrir notkun kamra í óbyggðum þar sem umferð fólks er mjög lítil og mikið rask getur hlotist af uppsetningu þurr- eða vatnssalerna. Slíkir kamrar eru einvörðungu nýttir á sumrin í takmarkaðan tíma og af fáu fólki eða ekki meira en 2-300 manns. Löng hefð er fyrir notkun kamra í óbyggðum en ljóst er að einungis er hægt að nýta slíkt úrræði þegar mjög fáir nýta það. Unnið verður að nánari útfærslu ákvæða um kamra. Í

7. gr. sömu reglugerðar er auk þess kveðið á um fyrirkomulag hreinsunar á skólpi þegar um viðkvæm svæði er að ræða. Þar segir að skólp skuli hreinsað með ítarlegri<sup>1</sup> hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur<sup>2</sup> eða nýtur sérstakrar verndar vegna t.d. lífríkis, jarðmyndana og útivistar.

## 5. Skilgreining á seyru

Seyra er skilgreind í 16. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun seyru. Seyra eru þau óhreinindi sem skilin eru frá fráveituvatni með botnfellingu, síun eða fleytingu án síu- eða ristarúrgangs, þ.e. eftir að forhreinsun hefur átt sér stað. Seyra skiptist í þrjár tegundir a) seyra frá skólphreinsistöðvum, þ.e. húsaskólp eða skólp með sambærilega samsetningu, b) seyra frá rotþróum og sambærilegum skólphreinsivirkjum c) seyra frá skólpstöðvum öðrum en a og b. Umhverfisstofnun hefur sent inn tillögur til umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi breytingar á reglugerðinni þar sem lagt er til að skýrt sé að salernisseyra frá þurrsalernum eða vatnssparandi salernum sem ekki eru tengd við sameiginlega fráveitu falli einnig undir skilgreininguna um seyru.

## 6. Meðhöndlun á seyru

Reglugerð um meðhöndlun seyru gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögum. Reglugerðin á við um athafnir einstaklinga eins og við getur átt. Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að seyru sem fellur til við meðhöndlun og hreinsun skólps, skuli nýta ef hægt er. Í 4. mgr. sömu greinar segir að seyru skuli fargað á þann hátt að umhverfið hljóti ekki skaða af völdum hennar og í samræmi við aðrar reglugerðir þar að lútandi.

Meðhöndlun seyru er síun seyru, hreinsun, tæming hreinsivirkja, flutningur, og notkun seyru. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Óheimilt er að nýta seyru sem ekki er búið að fjarlægja rusl úr (síun). Hreinsun seyru er það þegar seyra er hreinsuð á líffræðilegan eða efnafræðilegan hátt eða með hitun, er geymd í langan tíma eða hlýtur aðra viðeigandi meðferð til að draga verulega úr gerjunarhæfni og heilsufarsáhættu sem notkun hennar hefur í för með sér.

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. um meðhöndlun úrgangs skulu rekstraraðilar húsnaðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til, sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremur að ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

Hreinsunarúrgangur sem fellur til við hreinsun, s.s. salernisúrgangur, síu- eða ristarúrgangur og seyra sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi.

<sup>1</sup> Með ítarlegri hreinsun fyrir köfnunarefni og fosfór skal ná fram lækkun, sbr. töflu í fylgiskjali 4 með reglugerðinni. Við eftirlit og mat á mengunarmælingum skal taka mið af D-hluta, l. viðauka eins og við á.

<sup>2</sup> Viðtaki sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða viðtaka sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna mengunar.

## 7. Urðun úrgangs

Urðun úrgangs er skilgreind í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem varsla úrgangs sem ekki felur í sér frekari vinnslu. Urðunarstaður er staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar og geymdur til lengri tíma. Í reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003 eru reglur í tengslum við urðun úrgangs nánar útfærðar. Í 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram að urðun úrgangs er starfsleyfis skyld starfsemi og veitir Umhverfisstofnun starfsleyfi fyrir urðunarstaði skv. 4. grein. Strangar kröfur eru gerðar til slíkra urðunarstaða sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

## 8. Ferðamannastaðir í óbyggðum og náttúruverndarsvæði

Í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd eru óbyggðir skilgreindar sem landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með umferð, ástandi og umgengni á svæðum í óbyggðum í samvinnu við önnur stjórnvöld. Ferðamannastaður er skilgreindur sem staður sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans eða sögu.

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða og ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Umhverfisstofnun er einnig leyfisveitandi þegar kemur að framkvæmdum og athöfnum innan friðlýstra svæða